

Skilmálar og umgengnisreglur - Melabraut 17

Sal HRFÍ á Melabraut 17 er hægt að leigja í ýmsa hunda tengda starfsemi. Virkir félagsmenn HRFÍ geta leigt salinn. Skráður leigutaki er ábyrgur fyrir salnum og umgengi í honum á leigutíma. Leigutaka er ekki heimilt að áframleigja salinn til þriðja aðila, eða taka salinn að leigu fyrir aðila sem ekki er í félaginu. Leigutaki samþykkir að fara eftir eftirfarandi skilmálum við bókun á salnum. Leigutaki ber ábyrgð á hinu leigða og skal bæta allt tjón á hinu leigða sem verður af hans völdum eða þeirra sem hann leyfir afnot af salnum meðan hann er leigutaki.

Þrif og umgengni

- Leigutaki skal ganga úr skugga um að salnum sé skilað snyrtilegum í lok leigutíma, á staðnum eru þurr- og blaut moppur, ásamt sótthreinsi sprey og pappír/tuskum til að þrifa.
- Sé salnum skilað í ófullnægjandi ástandi að mati leigusala bætist við þrifgjald að fjárhæð 25.000 kr.
- Reykingar (á líka við um rafsígarettur) eru ekki leyfilegar á svæðinu.
- Rusl skal fara í flokkunartunnur á staðnum, skítapokar mega ekki fara í rusl innandyra, ruslatunnur eru úti við hlið hússins fyrir skítapoka.

Hundar í salnum

- Ekki er leyfilegt að sleppa hundum lausum í salnum. Leyfilegt er að setja upp grindur í miðjum salnum og hafa lausa hunda á því afmarkaða svæði.
- Hundar eru alfarið á ábyrgð eiganda á meðan þeir eru í salnum.
- Ekki skal leyfa hundum að merkja svæði inni í húsnaðinu, þrifa skal upp eftir hundana með sótthreinsi efnum sem eru til staðar í salnum. Skíta pokum skal henda í rusl utandyra.
- Hundar skulu vera að lágmarki 12 vikna.

Skilmálar gilda frá 15.12.2023.

Skilmálar uppfærðir 25.01.2024.